

1940

Miðvikudaginn 6. september 1995.

Nr. 237/1995.

Björn Baldursson

gegn

**Vatnsleysustrandarhreppi
skólanefnd Stóru-Vogaskóla
og Bergsveini Auðunssyni**

Kærumál. Kröfugerð. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. júní 1995, er barst réttinum 10. næsta mánaðar. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 3. tl. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en heimildin er í j-lið 1. mgr. þeirrar greinar. Hann krefst þess, að frávísunarúrskurður Héraðsdóms Reykjaness 17. maí 1995 í málinu nr. E-1375/1994 verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til efnislegrar meðferðar og dómsálagningar. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar hafa eigi látið kærumál þetta til sín taka.

Svo sem ráða má af forsendum hins kærða úrskurðar, eru kröfur sóknaraðila og málalíbúnaður að öðru leyti slíkt brot á 80. gr. laga nr. 91/1991, að á málið verður eigi lagður dómur. Þegar af þeirri ástæðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 17. maí 1995.

Mál þetta var að loknum munnlegum málflutningi um formhlið tekið til úrskurðar 19. apríl 1995.

Stefndu krefjast þess í þessum þætti málsins, að málinu verði vísað frá dómi og málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi krefst þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið og sér til-dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu í þessum þætti málsins.

Stefnandi tjáist vera Björn Baldursson, kt. 290348-3239, til heimilis að Snorrabraut 56, Reykjavík, vegna sona sinna, Aðalsteins Bjarna, Bergsteins

Björns og Sigursteins Gísla, en þeir dveljast á Stuðningsheimilinu Strönd að Þórustöðum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Málsóknin beinist með stefnum, birtum 23. 9. 1994, gegn eigendum og stjórnendum Stóru-Vogaskóla, Vatnsleysustrandarhreppi, kt. 670269-2649, löndal 2, Vogum, Vatnsleysuströnd, skólanefnd Stóru-Vogaskóla, stjórn-sýslunefnd án kennitölu, formaður Guðlaugur Atlason, kt. 280632-4229, Egilsgötu 11, Vogum, Vatnsleysuströnd, og Bergsveini Auðunssyni, kt. 120649-3459, skólastjóra Stóru-Vogaskóla, Vogagerði 6, Vogum, Vatnsleysuströnd.

Dómkröfur stefnanda.

1. Að viðurkennt verði, að námsefni grunnskóla sé ekki kennslufræðilegt trúnaðarmál.
2. Að viðurkennt verði, að meginstefna sú, sem lesa megi úr lögum og reglugerðum um íslenskt menntunarkerfi, sé í reynd fræðsluskylda, en ekki skólaskylda.
3. Að viðurkennt verði, að starfsemi opinberra menntastofnana sé þjónustustarfsemi, sem þurfi að lúta gæðakröfum, að því er varðar hæfni starfsmanna, framsetningu á námsefni og öryggisbúnað.
4. Að akstur nemenda verði á grundvelli samnings milli verktaka og foreldra, þannig að réttarstaða og ábyrgð séu skýr.
5. Að akstursframkvæmdin uppfylli kröfur, sem gerðar eru til rétthafa sérleyfis- og hópferðaaksturs.
6. Að akstursþjónustan miðist við þarfir nemenda, en ekki þarfir skólans eða hagræði verktakans.
7. Að viðurkenndur verði réttur foreldra og forráðamanna til að taka þátt í skólastarfi.
8. Að settar verði samstarfsreglur forráðamanna nemenda og skóla. Í þeim reglum yrði farið eftir meðfylgjandi tillögu um breytingu á grunnskólalögum, sem fjallar um forgangsröð foreldra, sem taka þátt í skólastarfi.
9. Að fram fari úttekt Vinnueftirlits ríkisins á skólalóð Stóru-Vogaskóla. Rannsókuð verði öryggisatriði vegna staðsetningar leiktækja og burðarhönnun þeirra. Þá verði komið á skiptingu leiksvæða fyrir eldri og yngri nemendur.
10. Að umferðaröryggi við skólann verði rannsakað.
11. Að bílastæði verði afmörkuð í hæfilegri fjarlægð frá skólanum.
12. Að skilin verði að akandi og gangandi umferð við skólann.
13. Að öryggisúttekt verði gerð á íþróttamannvirkjum Vatnsleysustrandarhrepps.

14. Að íþróttamannvirki uppfylli kröfur um aðgengi fatlaðra, m. a. með því, að sett verði lyfta í húsið og lagður gangstígur frá götu að aðalinnangi.
15. Að afdráttarlausar skólareglur verði settar um kurteisi og framkomu nemenda í skólanum og utan hans.
16. Að sett verði í skólareglur, að allt áreiti verði kært til lögregluþyrvalda og skráð hjá barnaverndaryfirvöldum.
17. Að lítt reyndum og minnst menntuðum kennurum verði ekki falin kennsla yngstu bekkjardeilda.
18. Að íþróttakennari Stóru-Vogaskóla leggi fram efnisskrá fyrir íþróttakennslu fyrir hvert skólamiðri. Í efnisskránni verði greint frá því, í hvaða æfinga- og leikjapætti íþróttatímar skiptast.
19. Að foreldrum verði kynnt efnisskráin fyrir fram og tekið verði tillit til ábendinga um áherslu- og framkvæmdaratriði.
20. Að fulltrúi foreldra verði viðstaddur íþróttakennslu til eftirlits og aðstoðar, komi fram ósk um slíkt frá foreldri eða forráðamanni.
21. Að skóladagur verði samfelldur.
22. Að settar verði reglur um afdrep nemenda á bókasafni, falli kennsla niður eða þegar nemendur komast ekki heim til sín.
23. Að viðurkennd verði skylda stjórnenda Stóru-Vogaskóla til að afhenda foreldrum eða forráðamönnum utanskólanemenda allt námsefni, eins og eftir því verður leitað, svo og að leiðbeina og upplýsa um notkun námsefnisins, að því er varðar yfirferð og þekkingarkröfur.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 1.000.000 kr. í málskostnað.

Af hálfu stefndu er þess krafist aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefjast stefndu sýknu. Þá krefjast stefndu málskostnaðar að mati dómsins (auk virðisaukaskatts), hver sem úrslit málsins verða.

Álit réttarins.

Kröfugerð stefnanda er ákaflega víðtæk og spannar mun víðara og fjölbreyttara svið en nokkur réttarfarsskilyrði eru til að fjalla um í sama dómsmáli. Margir kröfuliðirnir bera fremur svip almennra umbótatillagna en dómkrafna. Gagnvart sumum af kröfuliðunum eiga leiðir stjórnsýslukæru að standa stefnanda opnar, og ekki er fram komið, að hann hafi gengið þær til enda með eða án framhaldskæru til umboðsmanns Alþingis. Tilteknir kröfuliðir beinast að meintum refsilagabrotum, sem sæta meðferð opinberra mála.

Í málsreifun sinni hefur stefnandi flokkað kröfur sínar í þrjá meginþætti:
1. Framkvæmd skólaaksturs. Sýnast kröfuliðir 4-6 tilheyra þeim þætti.

Réttarlegir hagsmunir stefnanda hljóta að vera þeir, að börnum hans sé ekið í skóla. Kröfuliðir 4-6 ná langt út fyrir það hagsmunasvið. Svo er að sjá, að kröfuliður nr. 5 beinist að meintum brotum ökumanns skólabifreiðar á umferðarlögum og eiganda og ökumanns á reglugerð um sérleyfisakstur og reglugerð nr. 279/1980 um merki á skólabifreiðum, en með slík brot ber að fara að hætti opinberra mála, en ekki einkamála.

Kröfuliðum 4-6 verður samkvæmt þessu að vísa frá dómi.

2. Öryggismál bygginga og umhverfis. Kröfuliðir 9-14 sýnast falla í þennan flokk.

Stefnandi telur, að stefndu hafi brotið gegn 3. mgr. 4. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, sbr. lög nr. 47/1990, 14. gr. sömu laga, mörgum ákvæðum í grein 6 í byggingarreglugerð nr. 371/1994, sbr. rgj. nr. 177/1992 og 72/1993, og grein 5.14 sömu byggingarreglugerðar auk fleiri brota.

Kröfuliðum 9-14 verður vísað frá dómi með hliðstæðum rökum og liðum 4-6.

3. Námsfni og menntamál. Kröfuliðir 1-3, 7-8 og 17-23 sýnast tilheyra þessum flokki.

Í þeim sýnast felast ábendingar, tillögur og kröfur um víðtækar umbætur í menntakerfinu með sérstöku tilliti til Stóru-Vogaskóla, jafnframt um breytingar á löggjöf, fremur en um sé að ræða kröfur, sem unnt væri að veita viðurkenningardóm fyrir, hvað þá dóm, sem fullnægja mætti með aðför, varla einu sinni knýja fram fullnustu með dagsektum, enda er þeirra ekki krafist. Kröfugerð þessi er svo almenn og víðtæk, að því fer víðsjarri, að hún uppfylli skilyrði 80. gr. 1. nr. 91/1991, en samkvæmt því ákvæði skulu dómkröfur sóknaraðila vera glöggar og skýrar.

Samkvæmt þessu verður að vísa kröfuliðum 1-3, 8 og 17-23 frá dómi.

Þá eru ótaldir kröfuliðir 15 og 16. Tilfni þessara dómkröfuliða hefur stefnandi lýst svo í fram lagðri greinargerð sinni: „Í Stóru-Vogaskóla hafa nemendur áreitt son stefnanda með barsmíðum, líflátshótunum og hótunum um pyntingar.“ Hér er um meint hegningarlagabrot að ræða, sem sæta eiga lögreglurannsókn og, séu kærðu sakhæfir, meðferð opinberra mála, ella meðferð samkvæmt lögum nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna. Sú kæruleið til staðarlögreglu eða Rannsóknarlögreglu ríkisins stendur stefnanda opin lögum samkvæmt. Meint hylming eða jafnvel hlutdeild starfsmanna Stóru-Vogaskóla væri einnig hegningarlagabrot, er sætti sömu meðferð. Skólayfirvöldum væri lögskylt að kæra brot nemenda eða starfsmanna, slík sem stefnandi lýsir, og vanræksla á því ætti, auk kæru til æðra stjórnvalds, að sæta meðferð opinberra mála.

Sú dómkrafa, að „afdráttarlausar skólareglur verði settar um kurteisi og framkomu nemenda í skólanum og utan hans“, er of almenn og víðtæk til þess, að hún sé dómhæf, enda hlýtur í þessari dómkreöfu að felast, að slíkum reglum, ef settar yrðu, skyldi framfylgt til hlítar að viðlagðri ábyrgð að lögum. Lögsaga dómstóla nær til lagareglna, en ekki til siðareglna nema í örfáum sérstökum undantekningartilvikum, svo sem, að því er sumir fræðimenn hafa talið, að nokkru leyti á sviði meiðyrðalöggjafar.

Kröfuliðum 15 og 16 verður því vísað frá dómi.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til röksemda lögmanns stefndu til stuðnings frávísunarkreöfu, en á þær röksemdir fellst dómariinn í öllum meginatriðum, ber að vísa máli þessu í heild frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
